

Umsögn frá Dalabyggð, barst Skipulagsstofnun með tölvupósti 17. desember 2021.

Vísað er til beiðnar Skipulagsstofnunar um umsagnir eða athugasemdir við tillögu að viðauka við Landsskipulagsstefnu 2015-2026.

Beiðnin var tekin fyrir á 200. fundi sveitarstjórnar Dalabyggðar þann 10. desember sl. og afgreidd þannig, dagskrárliður 8:

8. 2011023 - Tillaga að viðauka við Landsskipulagsstefnu 2015-2026

Úr fundargerð 110. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar 4.12.2020, dagskrárliður 5: 2011023 - Tillaga að viðauka við Landsskipulagsstefnu 2015-2026

Skipulagsstofnun óskar eftir umsögnum eða athugasemdum við tillögu að viðauka við Landsskipulagsstefnu 2015-2026. Frestur til að koma skriflegum athugasemdum á framfæri við stofnunina er til og með 8. janúar 2021.

Nefndin gerir athugasemd við grein 6.1.6 um skilgreiningu óbyggðra víðerna. Nefndin leggur til að sett verði lágmarks stærðarmörk í skilgreininguna, sbr. Lög um náttúruvernd 60/2013. Einnig að miðað verði að lágmarki við 10 kílómetra en ekki 5.

Jafnframt telur nefndin augljóst að á þeim jörðum sem búið er á, sé miðað við landamerki, en ekki mannvirki, þannig að ekki sé hægt að skilgreina jarðir sem sannanlega eru byggðar, sem óbyggð víðerni.

Þar sem þannig háttar til að tiltekið svæði falli inn á fleiri en eitt aðalskipulagssvæði skal samráð haft milli sveitarfélaganna um skilgreininguna.

Samþykkt samhljóða.

Þetta tilkynnist hér með.

Jóhanna María Sigmundsdóttir

Verkefnastjóri atvinnu-, markaðs- og ferðamála hjá Dalabyggð

johanna@dalir.is

+354 845 1859

Sveitarfélagið Dalabyggð

Miðbraut 11, 370 Búðardal